

Dagskrá

Mættir aðalmenn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Eiríkur J. Kjerúlf og Lárus Heiðarsson boðuðu forföll. 1. og 2. varamaður höfðu ekki tæk á að mæta í þeirra stað. Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður var væntanleg og Hörður Guðmundsson 4. varamaður var mættur til fundar. Anna Bryndís mætti kl. 13.45

Oddviti setti fund, bauð varamenn velkomna, sérstaklega Hörð Guðmundsson sem situr sinn fyrsta fund í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla oddvita

2. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019

- a) Fjárhagsáætlanir stofnana
- b) Austurbrú-Birtingaráætlun 2019
- c) Önnur málefni sem tengjast gerð fjárhagsáætlunar næsta árs

3. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, vegna Kröflulínu 3

Umsagnir um vinnslutillögu

4. Hengifoss

Drög að samningi við aðalhönnuð

5. Bréf

- a) Fljótsdalshérað /ósk um umsögn vegna breytingar á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, vegna Kröflulínu 3, tölvupóstur dags. 19.10 2018
- b) Umhverfisstofnun dags. 18.10 2018
- c) EBÍ Brunabót dags. 18.10 2018
- d) Björgunarsveitin Hérað, ódags.
- e) RSK dags. 01.10 2018
- f) Sókn lögmannsstofa dags. 22.10 2018

5. Fjárbeiðnir

- a) Aflið
- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga

6. Menntastyrkir

Dagrún Drótt Valgarðsdóttir, Víðivöllum fremri

7. Umhverfisstyrkir

- a) Guðmundur Pétursson , Bessastaðagerði
- b) Hörður Guðmundsson og Guðbjörg Pálsdóttir, Víðivöllum ytri 1
- c) Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi
- d) Gunnar Jónsson , Egilsstöðum
- e) Gunnar Gunnarsson,vegna Hjarðabóls

8. Fundargerðir

- a) HAUST stjórnarfundur 23.10 2018
- b) HAUST , aðalfundur 24.10 2018
- c) Skólaskrifstofa Austurlands, framkvæmdastjórn 31.10 2018
- d) Byggingar-og skipulagsnefnd 26.10 2018
- e) Starfshópur um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna 25.10 2018
- f) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 23.10 2018
- g) Svæðisskipulagsnefnd SSA 05.10 2018
- h) Félagsmálanefnd 23.10 2018
- i) Ferðamálanefnd 03.10 2018
- j) Verkefna-og rannsóknarsjóður 18.10 2018
- k) Brunavarnir á Héraði 22.10 2018
- l) Minjasafn Austurlands 03.09 2018
- m) Samfélagsnefnd 24.10 2018

9. Fjallskil

Fjallaskilanefnd 05.11 2018

10. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Sjálfböðasamtökin SEEDS hafa áhuga samstarfi við Fljótsdalshrepp næsta sumar.

Jóel Sæmundsson leikari hefur áhuga á ferðast með leikrit út á land og leitar eftir stuðningi og áhuga sveitarfélaga á verkefninu.

Bingóspil.is hefur áhuga á að ferðast um landið strax eftir páska 2019 og halda bingó hjá þeim sem hafa áhuga.

Umhverfisstofnun boðar náttúruverndarnefndir sveitarfélaga til 21. ársfundar, 8. nóvember. Sveitarstjórn fer með hlutverk náttúruverndarnefndar í Fljótsdalshreppi.

Austurbrú er að skoða fjármögnun „flugvallarverkefnisins“ í kjölfar þess að Atvinnuþróunarsjóður sem hefur fjármagnað verkefnið að hluta, verður lagður niður um næstu áramót.

Landsréttur tekur fyrir mál 5 sveitarfélaga (þar á meðal er Fljótsdalshreppur) gegn Jöfnunarsjóði, í vikunni og búast má við að dómur veðri kveðinn upp innan 2ja mánaða.

Samband garðyrkjubænda hefur sent frá sér ályktun þar sem mótmælt er að hætt hafi verið við ráðningu skrifstofustjóra hjá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti. Telja samtökin nauðsynlegt að styrkja þekkingu og stjórnáslulega umgjörð sem landbúnaði er búin í ráðuneytinu.

Árleg prófun brunaviðvörðunarkerfis í Laugarfellsskála fór fram í sumar. Bæta þarf yfirlitsmynd kerfisins og neyðarljós þarfnast þjónustubókar og reglulegrar prófunar og skráningar og skrá þarf í þjónustubók öll atvik. Aðrar athugasemdir voru ekki gerðar.

Í árlegri samantekt um refa –og minkaveiðar í Fljótsdal, kemur fram að veiddir voru 10 minkar, 5 grendýr, 22 yrðlingar og 12 hlaupadýr. Unnin voru 4 greni. Kostnaður samtals rúml. 1 millj. endurgreiðsla Umhverfisstofnunar gæti numið 35 - 40 %.

Oddviti sat fund í Húsfélagi Miðvangs 6, 19.okt og ráðstefnu og fundi (fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, ársfundi Jöfnunarsjóðs og Orkusveitarfélaga og fund með lögmanni) í Reykjavík 10 - 12. okt.

Skipulagsstofnun hefur gefið út og sent sveitarfélögum ritið : *Mannvirki á miðhálandinu-framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026.*

Anna Bryndís tók við fundarritun.

2. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019

d) Fjárhagsáætlanir stofnana

e) Austurbrú-Birtingaráætlun 2019

f) Önnur málefni sem tengjast gerð fjárhagsáætlunar næsta árs

Fjárhagsáætlanir og framlög til stofnana

Árgjöld til SSA . Framlag Fljótsdalshrepps árið 2019 verður kr.233.481,- Samþykkt.

Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2019. Sveitarstjórn samþykkir fyrirleggjandi

fjárhagsáætlun, hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 842.632,-

Héraðsskjalasafn Austfirðinga 2019, hlutur Fljótsdalshrepps í framlögum safnsins kr. 883.303,-
Samþykkt.

Brunavarnir á Héraði. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 samþykkt. Hlutur Fljótsdalshrepps áætlaður
kr. 921.023,- Samþykkt.

Brunavarnir á Austurlandi. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 kynnt. Hlutur Fljótsdalshrepps áætlaður
kr. 3.742.829,- Samþykkt.

Fjárhagsáætlun HAUST fyrir árið 2019 kynnt. Samþykkt. Áætlað framlag Fljótsdalshrepps kr.

1.248.946, - þar á móti kemur eftirlits-og sýnatökugjald sem er endurrukkað af fyrirtækjum.

Fyrirtækjalisti 2019 liggur ekki fyrir , en á árinu 2018 var sú upphæð um 850 þús. krónur.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs . Fjárhagsáætlun 2019 kynnt. Áætlaður hlutur Fljótsdalshrepps
kr. 1.998.432,- Samþykkt.

Verkefnisstjórn persónuverndarmála. Áætlaður kostnaður á árinu 2019 kr. 112.215, -

Framlög til Austurbrúar 2019: Atvinnu-og þróunargjald kr. 38.850,-, markaðs-og ferðamál kr.

58.653,- og sóknaráætlun 92.055,- Samþykkt. Atvinnuþróunarsjóður verður lagður niður um

áramót 2018/2019, flugvallarverkefni er þar með ófjármagnað að hluta.

Austurbrú-Birtingaráætlun 2019

Vegna markaðssetningar Austurlands. Hlutur Fljótsdalshrepps kr. 231.250,- Samþykkt.

Undurbúningur fjárhagsáætlunar Fljótsdalshrepps 2019.

Oddviti fór í gegnum drög að fjárhagsáætlun næsta árs og rætt var um liði og skuldbindingar
sem settar eru niður í áætlunardrögnum.

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði óbreytt frá fyrra ári

13,20%, sorpgjald og rotþróargjald sömuleiðis óbreytt. Álagningarprósentur fasteignaskatts
verða áfram 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65% C flokkur.

Samþykkt að reglur um niðurfellingu, eða styrki vegna fasteignaskatts í Fljótsdalshreppi verði
óbreytta á árinu 2019.

Álagningar-og innheimtureglur fasteigna-og þjónustugjalda . Samþykkt að þær verði
óbreyttar frá 2018 en tekjuviðmið skoðuð.

Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði veittir á árinu 2019 og verði

95.000,- kr. per önn. Menntastyrkir verði 2019 og gildi sömu reglur og árið 2018. Áfram verði

veittir umhverfis –og verkefnastyrkir á árinu 2019 og geti mest numið kr. 1.000.000,- á

lögbýli. Samþykkt að frístundastyrkur fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára árið 2019

verði kr. 20.000,- Samþykktar óbreyttar reglur 2019 um styrki til sauðfjárvótakaupa.

Samþykkt að styrkja á árinu 2019, sauðfjárbændur í Fljótsdal sem þurfa að láta bólusetja við
garnaveiki, um sem nemur kostnaði við lyf.

Samþykkt að veita styrki til ÚÍA, Ungmennafélagsins Þrísts og unglिंगastarfs

hestamannafélagsins Freyfaxa svo sem verið hefur.

Launataxti og kjör sveitarstjórnar og nefnda 2019 . Verða óbreytt frá 2018. Sveitarstjórn hefur samþykkt að laun sveitarstjórnar uppreiknist ekki um áramót eins og verið hefur. Samþykkt að það sama eigi við um nefndir.

Viðmiðunartaxti tímakaups og verktöku hækki í samræmi við launaþróun.

Samningar við refaveiðimenn 2019. Verktakataxti fyrir grenjaleit hækki í samræmi við launaþróun, að öðru leiti verða reglur um refaveiðar óbreyttar fyrir árið 2019.

3. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, vegna Kröflulínu 3

Umsagnir um vinnslutillögu kynntar.

Vinnslutillaga að breytingum á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030. Efnistaka vegna slóðagerðar við fyrirhugaða Kröflulínu 3, bætt er við fjórum nýjum námum. Tillagan var kynnt á kynningarfundum í Végarði 8. október, auglýst í Dagskránni og send umsagnaraðilum. Umsagnir bárum frá Minjastofnun, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Fljótsdalshéraði og Djúpavogshreppi. Í skipulagstillögu hefur verið tekið tillit til ábendinga sem fram komu í umsögnum Landgræðslunnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Byggingar- og skipulagsnefnd fjallaði um tillöguna á fundum 16.03, 29.08 og 26.10 2018. Sveitarstjórn samþykkir skipulagstillöguna og með vísan í gr. 4.6.2 í skipulagsreglugerð og gr. 30 í skipulagslögum nr. 123/2010 er oddvita falið að senda skipulagstillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar.

4. Hengifoss

Fjallað um drög að samningi við aðalhönnuð og samþykkt að fela oddvita að skrifa undir.

5. Bréf

- g) Fljótsdalshérað, ósk um umsögn vegna breytingar á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, vegna Kröflulínu 3, tölvupóstur dags. 19.10 2018 Engar athugasemdir.
- h) Umhverfisstofnun dags. 18.10 2018 Tillaga að friðlýsingu vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum, Arnardalsvirkjun og Helmingsvirkjun. Sveitarstjórn er andsnúin fyrirhugaðri Helmingsvirkjun en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til tillögunnar um friðlýsingu.
- i) EBÍ Brunabót dags. 18.10 2018 Varðar ágóðahlut kr. 20.500,- í Brunabótafélagi Íslands.
- j) Björgunarsveitin Hérað, samþykkt frá aðalfundi sveitarinnar 28.09.2018 um uppsögn á samstarfi Almannavarnarnefnd Múlaþings um rekstur og hýsingu stjórnstöðvar. Kynnt.
- k) RSK dags. 01.10 2018 Tilkynning um tafir á afgreiðslu erindis frá 22.12.2015.
- l) Sókn lögmannsstofa dags. 22.10 2018 Bréf varðandi skipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1 vegna deiliskipulags sem fellt var úr gildi 2016. Í bréfinu var óskað eftir því að verði skipulagsmál svæðisins til umfjöllunar hjá Fljótsdalshreppi verði samráð haft við eigendur lóðanna.

6. Fjárbeiðnir

- c) Aflið. Styrkbeiðni vegna 2019 hafnað.
- d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga óskar eftir styrk til kaupa á ljósmyndaskanna. Samþykkt að veita 200.000,- til kaupanna.

7. Menntastyrkir

Oddviti vék af fundi kl. 19.27 vegna vanhæfis og fól Jóhanni fundarstjórn.

Dagrún Drótt Valgarðsdóttir, Víðivöllum fremri Samþykkt að veita hámarksstyrk kr. 190.000,-

Oddviti kom aftur til fundar kl. 19.35

8. Umhverfisstyrkir

- a) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði Anna Jóna vék af fundi vegna vanhæfis meðan þessi liður var afgreiddur. Samþykkt að veita hámarksstyrk fyrir árið 2018. Einnig samþykkt að framlengja umsókn frá árinu 2016
- b) Hörður Guðmundsson og Guðbjörg Pálsdóttir, Víðivöllum ytri 1 Hörður vék af fundi vegna vanhæfis meðan þessi liður var afgreiddur. Samþykkt að veita hámarksstyrk fyrir árið 2018.
- c) Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi Samþykkt að veita hámarksstyrk fyrir árið 2018.
- d) Gunnar Jónsson, Egilsstöðum Samþykkt að veita hámarksstyrk fyrir árið 2018.
- e) Gunnar Gunnarsson vegna Hjarðarbóls Ekki unnt að samþykkja styrkbeiðni, þar sem umsækjandi er ekki með lögheimili á jörðinni.

9. Fundargerðir

- a) HAUST stjórnarfundur 23.10 2018 Kynnt
- b) HAUST, aðalfundur 24.10 2018 Kynnt
- c) Skólaskrifstofa Austurlands, framkvæmdastjórn 31.10 2018 Kynnt og fundarboð um aðalfund föstudag 23.11.2018 kl. 12 Oddviti verður fulltrúi og varaoddviti til vara.
- d) Byggingar-og skipulagsnefnd 26.10 2018 Kynnt, á dagskrá var niðurrif íbúðarhúss á Arnaldsstöðum, breyting á aðalskipulagi vegna náma og efnistöku Kröflulínu 3 og stækkun lóðar við Végarð og lóð undir þjónustumiðstöð við Hengifossá. Fundargerð staðfest.
- e) Starfshópur um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna 25.10 2018 Kynnt.
- f) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 23.10 2018 Kynnt.
- g) Svæðisskipulagsnefnd SSA 05.10 2018 Kynnt.
- h) Félagsmálanefnd 23.10 2018 Kynnt.

- i) Ferðamálanefnd 03.10 2018 Kynnt og rædd.
- j) Verkefna-og rannsóknarsjóður 18.10 2018 Kynnt.
- k) Brunavarnir á Héraði 22.10 2018 Kynnt.
- l) Minjasafn Austurlands 03.09 2018 Kynnt.
- m) Samfélagsnefnd 24.10 2018 Kynnt og rætt.

10. Fjallskil

Fjallaskilanevnd 05.11 2018 Fundargerð kynnt og efni hennar rætt. Fjallaskilanevnd var sammála að flýta göngum næsta haust og verður Melarétt 14. sept. 2019

„Vegna veðurs og óhappa í göngum í Rana náðist ekki að smala fénu út í Stuðlafoss 17. sept. fyrr en undir myrkur og þar af leiðandi var ekki hægt að rétta féð um kvöldið. Safnið var réttað að morgni 18. sept. því var lokið um hádegi. Það var of seint til að hægt væri að reka safnið yfir í Fljótsdal þann dag í björtu. Veðurspá var slæm fyrir dagana 19. og 20. sept. Veðurstofan gaf út viðvörun vegna veðurútlits fyrir báða dagana. Af þeim sökum var ekki forsvaranlegt að reka yfir Fljótsdalsheiði, því var gripið til þess ráðs að keyra fénu yfir í Fljótsdal. Um var að ræða 540 fjár og farnar voru 8 ferðir. Fjallaskilanevnd óskar eftir því að sveitarsjóður greiði þann kostnað sem hlaut af vegna fjárflutninga frá Stuðlafossi og yfir í Fljótsdal 19. og 20. sept.“ Með tilliti til aðstæðna í Rana í haust samþykkir sveitastjórn að greiða þennan kostnað.

Sveitarfélagið greiðir kostnað við að ná því fé sem vitað er um á afréttum. Vitað er um fé á Kiðafelli og lömb í smugunni innan við Ytri-Sniðgilsá.

11. Önnur mál

Anna Jóna bar fram þá tillögu að svona löngum fundi væri skipt í tvo fundi.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Hörður Guðmundsson (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)